

Ár 1979, mánudaginn 30. júlí, var í málínu nr. 13/1978  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi


Úrskurður:

Máli þetta er risið út af fasteignamati íbúða í  
húseigninni nr. 20 við Tómasarhaga í Reykjavík. Húsið  
er tvær hædir, auk kjallara. Ein íbúð er á hvorri hæð  
og auk þess er íbúð í kjallara. Í fasteignamatsskrá þeirri,  
sem tók gildi 31. desember 1977, var kjallaraíbúðin metin á  
kr. 7.734.000,-, þar af 16ðarafnot á kr. 1.244.000,-, íbúðin  
á 1. hæð á kr. 11.794.000,-, þar af 16ðarafnot á kr. 1.790.000,-,  
og íbúðin á 2. hæð á kr. 12.297.000,-, þar af 16ðarafnot á  
kr. 1.790.000,-. Hinn 23. janúar 1978 kærði eigandi umræddrar  
kjallaraíbúðar til Fasteignamats ríkisins út af því, að í  
fasteignamatsskrá væru 16ðarréttindi talin fylgja kjallaraíbúðinni  
og þau metin þar til verðs. Kjallaraíbúðin væri hins vegar  
16ðarréttindalaus og fylgdi henni aðeins réttur til nauðsynlegrar  
umferðar að íbúðinni. Kæru þessari var hafnað af Fasteignamati  
ríkisins með úrskurði frá 21. september 1978. Eigendur umræddra  
íbúða hafa ekki viljað una þeim úrslitum og hefur málið verið  
sent Yfirlasteignamatsnefnd.


Samkvæmt þinglýstum eignarheimildum fylgja umræddri  
kjallaraíbúð ekki önnur 16ðarréttindi en nauðsynlegur umferða-  
réttur. Engu að síður fylgja íbúð þessari í raun 16ðarafnot á  
meðan húsið stendur, sem ber að skrá og meta til verðs.  
Eftir atvikum er rétt að meta 16ðarafnót kjallaraíbúðarinnar  
á kr. 606.000,- í fasteignamati því, sem öðlaðist gildi  
31. desember 1977, og 16ðarafnot hvorrrar íbúðar á hæð á  
kr. 2.109.000,-. Í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember  
1978 skulu 16ðarafnot kjallaraíbúðar metin á kr. 861.000,-, og  
16ðarafnot hvorrrar íbúðar á hæð á kr. 2.995.000,-.

Úrskurðarorð:


Lóðarafnot kjallaraíbúðar að Tómasarhaga 20 í Reykjavík  
skulu metin á kr. 606.000,- í fasteignamati því, sem tók  
gildi 31. desember 1977, og hvorrrar íbúðar á hæð í sama  
húsi á kr. 2.109.000,-. Í fasteignamati því, sem öðlaðist  
gildi 1. desember 1978, skulu 16ðarafnot kjallaraíbúðarinnar  
metin á kr. 861.000,- en 16ðarafnot hvorrrar íbúðar á hæð á  
kr. 2.995.000,-.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Þorfi Asgeirsson